

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB, KBE) nr. 116/2005****2008/EES/23/10**

frá 26. janúar 2005

**um meðferð á endurgreiðslu virðisaukaskatts til ógjaldskyldra einstaklinga og til gjaldskyldra einstaklinga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu að því er varðar reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 frá 15. júlí 2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (reglugerð um vergar þjóðartekjur) <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 7. mgr. 2. gr. ákvörðunar ráðsins 2000/597/EB, KBE frá 29. september 2000 um skipulag á eigin tekjum Evrópubandalaganna <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um að verg þjóðarframleiðsla á markaðsverði skuli teljast jöfn vergum þjóðartekjum á markaðsverði eins og framkvæmdastjórnin mælir fyrir um við beitingu evrópska þjóðhagsreikningakerfisins (ESA). Evrópska þjóðhagsreikningakerfinu frá 1995 (ESA95), sem kemur í stað tveggja eldri kerfa frá 1970 og 1979, var komið á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Bandalaginu <sup>(3)</sup> og sett fram í viðaukanum við hana. Vergar þjóðartekjur, eins og þær eru notaðar í ESA-'95, komu í stað vergrar þjóðarframleiðslu sem viðmiðun fyrir eigin tekjur frá og með fjárhagsárinu 2002.
- 2) Í reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 er mælt fyrir um reglur um sendingu gagna um vergar þjóðartekjur frá aðildarríkjunum og aðferðir við útreikninga á vergum þjóðartekjum og eftirlit með þeim, og nefnd um vergar þjóðartekjur er komið á fót.
- 3) Í ESA-'95 er ekki kveðið nákvæmlega á um meðferð á endurgreiðslum virðisaukaskatts til ógjaldskyldra einstaklinga og gjaldskyldra einstaklinga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu.

4) Að því er varðar skilgreiningu á vergum þjóðartekjum á markaðsverði skv. 1. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 1287/2003 er nauðsynlegt að skýra meðferð á endurgreiðslum virðisaukaskatts til ógjaldskyldra einstaklinga og gjaldskyldra einstaklinga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu.

5) Í sjöttu tilskipun ráðsins 77/388/EBE frá 17. maí 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna um veltuskatt — sameiginlegt virðisaukaskattskerfi: samræmdur matsgrunnur <sup>(4)</sup>, eru hugtök gjaldskyldur einstaklingur, ógjaldskyldur einstaklingur og starfsemi sem nýtur undanþágu skilgreind.

6) Vegna framkvæmdar á tilskipun ráðsins 89/130/EB, KBE, frá 13. febrúar 1989 um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði <sup>(5)</sup> er í ákvörðun ráðsins 1999/622/EB, KBE frá 8. september 1999 <sup>(6)</sup> gerð grein fyrir meðferð á endurgreiðslum virðisaukaskatts til ógjaldskyldra og gjaldskyldra eininga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu. Nú ber að setja fram sams konar útlitun að því er varðar vergar þjóðartekjur.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um vergar þjóðartekjur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

1. Vegna reglugerðar (EB, KBE) nr. 1287/2003 skal við útreikning á lykilstærðum þjóðhagsreikninga fara með endurgreiðslur á virðisaukaskatti af innkaupum til ógjaldskyldra einstaklinga eða gjaldskyldra einstaklinga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu í ESA-'95 eins og aðrar rekstrartilfærslur (D7) eða fjármagnstílfærslur (D9) en ekki eins og þær væru frádráttarþær virðisaukaskattur.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 24, 27.1.2005, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 13.10.2005, bls. 11.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. ESB L 181, 19.07.2003, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB L 253, 7.10.2000, bls. 42.

<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1267/2003 (Stjtuð. ESB L 180, 18.7.2003, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Stjtuð. EB L 145, 13.6.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/66/EB (Stjtuð. ESB L 168, 1.5.2004, bls. 35).

<sup>(5)</sup> Stjtuð. EB L 49, 21.02.1989, bls. 26. Tilskipun eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtuð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Stjtuð. EB L 245, 17.09.1999, bls. 51.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal hugtakið „gjaldskyldur einstaklingur“ hafa þá merkingu sem það hefur skv. 4. gr. sjöttu tilskipunarinnar 77/388/EBE, KBE, og hugtakið starfsemi sem nýtur undanþágu skal merkja starfsemina sem skráð er í 13.gr. þeirrar tilskipunar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. janúar 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Joaquín ALMUNIA

*framkvæmdastjóri.*